

**146. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
3. febrúar 2021 og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Kristinn Hallur Sveinsson formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Hrefna Rún Ákadóttir félagsmálastjóri.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

Fundur haldinn í gegnum fjarfundarbúnaðinn Teams.

Fyrir tekið:

1. 2102010 - Umsókn í framkvæmdasjóð aldraðra 2021

Á vormánuðum auglýsir Stjórn Framkvæmdasjóðs aldraðra eftir umsóknum um framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra fyrir árið 2021. Hlutverk sjóðsins er að stuðla að uppbyggingu og efla öldrunarþjónustu um allt land. Akraneskaupstaður lagði inn umsókn árið 2020 í sjóðinn vegna byggingar á þjónustumiðstöðvar á Dalbraut 4, 300 Akranesi. Þeirri umsókn var synjað. Lagt er til að sótt verði aftur um styrk þegar auglýst verður á árinu 2021.

Velferðar- og mannréttindaráð leggur til við bæjarstjórn að sótt verði um framlag í Framkvæmdasjóð aldraðra fyrir árið 2021 vegna uppbyggingar á þjónustumiðstöð á Dalbraut. Ráðið felur sviðsstjóra að vinna umsókn í samráði við skipulags- og umhverfissvið og vísa til samþykktar í bæjarstjórn.

2. 2102012 - Fjárhagsaðstoð stöðumat 2021

Stöðumat vegna fjárhagsaðstoðar á árinu 2021.

Farið yfir stöðu fjárhagsaðstoðar í upphafi árs 2021. Velferðar- og mannréttindaráð felur starfsmönnum sviðsins að eiga samráð við skóla- og frístundasvið um stöðu þeirra foreldra sem hafa ekki pláss hjá dagforeldrum fyrir börnin sín.

3. 2102013 - Fundargerðir 2021 - öldungaráð

Lög fram til kynningar 9. fundargerð Öldungaráðs frá 22. janúar 2021.

Lagt fram til kynningar.

Fundargerð samþykkt af öllum fundarmönnum með rafrænum hætti. KHS, AÞÞ, EB, SK, SH og HRÁ.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.